

## Svar

**heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um lögræðissvipta.**

1. *Hversu mörg þeirra sem hafa verið svipt lögræði undanfarin tíu ár hafa á þeim tíma verið í þvingaðri lyfjagjöf?*
2. *Hver er dvalartími lögræðissviptra á lokuðum geðdeildum? Svar óskast um meðal-dvalartíma, stysta dvalartíma og lengsta dvalartíma undanfarin tíu ár.*
3. *Hversu mörg ótímabær dauðsföll hafa verið meðal lögræðissviptra undanfarin tíu ár?*

Samræmd skráning í rafrænni sjúkraskrá á beitingu nauðungar eða þvingunarúrræða er ekki til staðar á Íslandi og því eru umbeðnar tölfræðiupplýsingar ekki aðgengilegar að svo stöddu. Í apríl 2021 óskaði heilbrigðisráðuneyti eftir því að embætti landlæknis hæfi vinnu við þróun og innleiðingu kerfis eða viðmóts fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að skrá beitingu nauðungar. Á vegum embættis landlæknis er unnið að því að skilgreina samræmda skráningu þvingunarúrræða í rafræna sjúkraskrá og síðan þarf að breyta rafrænum sjúkraskrárkerfum þannig að samræmd skráning sé framkvæmanleg, sem aftur mun tryggja betri yfirsýn og möguleika á tölfræðiúttektum sem þessum.